



Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar mánudaginn 13. maí 2013 kl. 17:30

Haldinn í Safnaðarheimili Grensáskirkju

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Samþykkt ársreikninga
4. Árgjald
5. Starfsáætlun komandi árs
6. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga
7. Útnefning heiðursfélaga
8. Önnur mál

Aðalfundur samtakanna Hollvinir Grensásdeildar var að vanda haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju þann 13. maí 2013 kl. 17:30. Meðal fundargesta voru einstaklingar sem notið hafa þjónustu Grensásdeildar, nokkrir lykilstarfsmenn deildarinnar og aðrir velunnarar. Sérstakir gestir fundarins voru Ásgeir B. Ellertsson fyrrum yfirlæknir Grensásdeildar og frú.

Gunnar Finnsson formaður HG setti fundinn og bauð gesti velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að Þórir Steingrímsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Þórir tók við fundarstjórn og lagði til að Guðrún Pétursdóttir tæki að sér fundarritun, sem einnig var samþykkt með lófataki.

2. Skýrsla stjórnar

Gunnar Finnsson formaður HG kynnti skýrslu stjórnar sem lá frammi á fundinum og er að finna í fylgiskjali með þessari fundargerð. Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar:

- Formaður gerði grein fyrir kjöri stjórnar og verkaskiptingu hennar, skoðunarmönnum reikninga og sérstökum ráðgjafa stjórnar.
- Eins og áður var lausn á húsnæðisvanda Grensásdeildar aðalverkefni HG á árinu. Tekið var í notkun nýtt bílastæði framan við aðalinngang Grensásdeildar, sem er að hluta yfirbyggt og stórbætir alla aðkomu að deildinni. Formaður gerði grein fyrir framkvæmdinni, kostnaði og skiptingu hans, en hann var að mestu greiddur með fé úr sjóði söfnunarátaks HG *Á rás fyrir Grensás*.
- Á húsnæðisvanda Grensásdeildar hefur hins vegar ekki enn verið tekið. Ekki þarf að orðlengja um nauðsyn þess að bæta aðstöðu deildarinnar. Á árinu hófu Hollvinir Grensásdeildar, með samþykki forstjóra LSH, viðræður við Landssamtök lífeyrissjóðanna um möguleika aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun framkvæmda við Grensásdeild. Málið mætti velvild og lýstu nokkrir lífeyrissjóðir sig reiðubúna til viðræðna um fjármögnun framkvæmdanna. Velferðaráðherra var tilkynnt um það 6. desember 2012 og farið fram á viðræður um málið. Til þessa dags hefur ekkert svar borist frá ráðuneytinu og lýsti formaður undrun og vonbrigðum H.G. með það.
- Á árinu lögðu H.G. Grensásdeild til 4 milljónir króna til tækjakaupa að ósk starfsmanna.
- Formaður gerði síðan grein fyrir tekjulindum H.G., sem eru fyrst og fremst hinn árlegi basar, sem haldinn var í safnaðarheimili Grensáskirkju þann 19. nóvember 2012. Að frádregnum kostnaði skilaði basarinn 1163 þúsund krónum.

Aðrar tekjulindir voru félagsgjöld, minningarkort, og styrkir frá Caritas á Íslandi, Reykjavíkumaraþoni, Mótorhjólamessunni, Sniglunum, STOÐ- stoðtækjasmíði, Danica sjávaráfurðum ehf, og VIRK- Starfsendurhæfingarsjóði, auk þess sem einstaklinga gáfu fjármuni til minningar um ástvini og aðrar gjafir.

Fomaður gerði stuttlega grein fyrir fjárhag félagsins. Fjárhagur *Á rás fyrir Grensás* átaksins er aðskilinn frá fjárhag HG sjálfra og voru eignir þess í árslok 84,455 m. kr..

Skuldlausar eignir HG sjálfra voru 4,568 þús. kr., og heildareignir samtakanna voru 88,335 m. kr..

Félögum fjölgaði um 8% á árinu og eru nú 271. Árgjaldið hefur verið 1500 kr frá 2011.

3. Samþykkt ársreikninga

Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri H.G. gerði ítarlega grein fyrir ársreikningum HG og *Á rás fyrir Grensás* (sjá fylgiskjal með fundargerðinni).

Fundarstjóri bar upp skýrslu formanns og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri bar því næst fram ársreikninga og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Árgjald

Fundarstjóri lýsti eftir tillögum um árgjald. Gjaldkeri lýsti vilja stjórnar til að það yrði óbreytt, kl 1500. – og var það samþykkt samhljóða.

5. Starfsáætlun komandi árs

Lög HG mæla fyrir um að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Formaður gerði grein fyrir að stjórn leggur til að megináherslur HG verði stuðningur við aðgerðir sem lúta að fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa alvarlegan húsnæðisvanda Grensásdeildar. Þá verði áhersla áfram lögð á að verja Grensásdeild við frekari niðurskurði og aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað. Fundurinn samþykkti starfsáætlunina einróma.

6. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri skýrði frá því að aðalstjórnarmenn væru tilbúnir til að sitja áfram, þ.e. þau Edda Bergman, Guðrún Pétursdóttir, Gunnar Finnsson, Ottó Schopka og Þórunn Þórhallsdóttir. Var stjórnin endurkjörin einróma.

Fundarstjóri skýrði einnig frá því að varastjórn, þau Guðný Daníelsdóttir og Baldvin Jónsson, væru sömuleiðis tilbúin til að sitja áfram og voru þau einróma endurkjörin.

Þá voru skoðunarmenn reikninga endurkjörnir, þeir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason.

og loks fagnaði fundurinn því að Edda Heiðrún Backman væri tilbúin til að þjóna áfram sem sérlegur ráðgjafi stjórnar H.G.

7. Útnefning heiðursfélaga

Formaður upplýsti að stjórn HG hefði ákveðið að gera Ásgeir B. Ellertsson fyrrum yfirlækni Grensásdeildar að heiðursfélaga H.G. með svofelldum orðum:

Það er mér sérstakt gleðiefni að greina frá þeirri ákvörðun stjórnar Hollvina Grensásdeildar á þessu fertugasta afmælisári deildarinnar að útnefna Ásgeir B. Ellertsson heiðursfélaga í samtökunum. Að baki þessari útnefningu liggur mikil aðdáun og þakklæti í garð Ásgeirs fyrir það einstaka starf sem hann vann þar og hans mikla frumkvöðuls framlag til endurhæfingarmála á Íslandi.

Ásgeir var yfirlæknir Grensásdeildar í tæp 30 ár frá opnun hennar 1973 og lagði grunninn að og leiddi hið frábæra og árangurríka starf hennar. Með einstaklega hæfileikaríku starfsfólki var endurhæfingu lyft á nýtt stig. Það fól ekki síst í sér að gera starfsemina opnari og minna spítalalegri fyrir sjúklinga, sem urðu vistmenn. Eitt ták þess var að þar klæddust þau er þar dvöldu sínum eigin fötum ekki dapurlegum sjúkrahúsfatnaði. Og þar mótaðist hið þægilega og ljúfa andrúmsloft sem enn ríkir þar og fær þau sem þar hafa þurft að dveljast langdvölum til að hugsa til deildarinnar eftir á oft frekar sem heimavistarskóla en sjúkrahúss. Vegna þeirra hvetjandi áhrifa sem það hafði var árangurinn að endurhæfingarstarfseminni þar enn meiri en ella. Og undir stjórn Ásgeirs útskrifaði deildin þúsundir manna og kvenna. Stór hluti þeirra gat horfið til fullra starfa á ný og enn fleiri bjargað nauðþurftum sínum sjálf.

Hið afar þýðingarmikla starf sem í endurhæfingu felst hefur ekki notið þeirrar viðurkenningar, sem það á svo ríkulega skilið. Þau innan heilbrigðisstétta sem velja það að lífsstarfi þurfa því að hafa vissa hugsjón, og mikla þrautsegju og þolimæði. Þessir eiginleikar eru greyptir í Ásgeir.

Við í Hollvinum Grensásdeildar stöndum í sérstakri þakklætisskuld við Ásgeir því hann tók að sér vera með okkur í stjórnarstörfum frá stofnum samtakanna 2006 til 2011 þegar hann taldi að við gætum staðið á eigin fótum. Hann veitti okkur faglega innsýn og miðlaði okkur á sinn rólega og þægilega máta ríkulega af reynslu sinni sem var mjög svo dýrmætt á þessum fyrstu árum.

Að þessu sögðu voru Ásgeiri færð heiðursskjal og blómvöndur og fögnuðu fundarmenn nýjum heiðursfélaga með lófataki.

8. Önnur mál

Stefán Yngvason yfirlæknir Grensásdeildar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir starfi deildarinnar á árinu. Þrátt fyrir mikinn vanda hefur tekist að halda uppi starfinu, en niðurskurður birtist með ýmsum hætti. Álag á starfsfólk er mikið, vörur eru oft

lélegar því lægsta tilboði er yfirleitt tekið, lyf eru ekki til í landinu þegar á þarf að halda og svo framvegis.

En þrátt fyrir þetta tekst að halda uppi góðum anda og þar munar mikið um að eiga góða vini, eins og Hollvinina. Stefán þakkaði þann mikla stuðning sem deildin hefði notið og þær stóru gjafir sem hún hefði þegið á árinu. Nú er stefnt að því að stækka deildina og bæta hana til að geta veitt enn betri þjónustu. Fyrst og fremst er markmiðið að bæta æfingaaðstöðuna og gera úrbætur á aðstöðu legusjúklinga. Þar er mikilvægast að fjölga einbýlisstofum, sem bæði bæta sóttvarnir og auka möguleika á einkalífi, sem er svo mikilvægt þegar menn liggja lengi á sjúkrastofnun.

Síðan gerði Stefán grein fyrir hátíðarhöldum í tilefni 40 ára afmælis Grensásdeildar. Afmælisdaginn bar upp á daginn fyrir kosningar, og var því ákveðið að tvískipta afmælisfagnaðinum – annars vegar var lítið afmælisboð á sjálfan afmælisdaginn, og hins vegar verður afmælishátíð þann 31. maí þar sem vonir standa til að nýr heilbrigðisráðherra taki þátt.

Á afmælisdaginn var töluverð fjölmiðlaumfjöllun, viðtöl í Morgunblaðinu og útvarpsþátturinn Samfélagið í nærmynd var helgaður Grensásdeild með viðtölum við sjúklinga, starfsmenn og velunnara.

Til stendur að að halda málþing um endurhæfingu síðar á árinu.

Loks gerði Stefán grein fyrir því að nú væri unnið að stórbættri vefsíðu fyrir Grensásdeild til að kynna þar starf deildarinnar. Myndefnið á vefsíðunni er í boði H.G. og er nú verið að taka myndir af starfinu um allt hús, með aðstoð sjúklinga og starfsmanna. Þetta myndefni verður einnig notað til annarra kynninga, hvort sem er í fyrirlestrum eða í prentmiðlum.

Stefán lýsti að lokum innilegu þakklæti allra starfsmanna Grensásdeildar til Hollvinanna, og óskaði samtökunum velgengni í ölu störfum.

Þá kvaddi Camilla Hallgrímsson sér hljóðs, en hún er virkur félagi í H.G. en einnig svæðisstjóri Lionshreyfingarinnar. Camilla vildi að gefnu tilefni benda H.G. á að Lionshreyfingin gefur yfirleitt ekki peninga til góðgerðarmála, heldur styður yfirleitt kaup á ákveðnu tæki eða búnaði.

Edda Bergman kvaddi sér síðan hljóðs og skoraði á gesti að afla H.G. nýrra félaga og gæta þess jafnframt að viðkomandi yrði virkur félagi og greiddi árgjald. Miklu skiptir að samtökin verði fjölmenn og virk. Ennfremur lagði hún til að basarinn yrði elfdur og að á næsta basar yrði megináherslan lögð á kökur.

Loks tók hinn nýi heiðursfélagi, Ásgeir B. Ellertsson, til máls og þakkaði þann heiður sem honum hafði verið sýndur. Hann lýsti mikilvægi endurhæfingar sem og mikilvægi þess að halda merkjum hennar á lofti og tala máli Grensásdeildar við ráðamenn og þá sem áhrif geta haft til góðs. Hann brýndi Hollvini til halda áfram að beita stjórnvöld þrýstingi og láta ekki dauf viðbrögð aftra sér frá því að halda baráttunni áfram. Ásgeir lagði áherslu á þann góða starfsanda sem alltaf hefur einkennt Grensásdeild og lagði áherslu á að það næst ekki árangur nema hjartað sé á réttum stað. Á Grensásdeild eru allir starfsmennirnir mikilvægir – hver einasti skiptir máli og er hlekkur í sterkri keðju. Þannig verður það áfram og sá andi mun tryggja að starfið verður bæði árangurríkt og ánægjulegt.

Fundarmenn fögnuðu orðum Ásgeirs innilega.

Umboð til að samþykkja fundargerð

Loks bað fundarstjóri um að stjórninni yrði veitt umboð til að samþykkja fundargerð aðalfundarins, og veitti fundurinn það.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Guðrún Pétursdóttir ritaði fundargerð.